

Upplýsingar varðandi Flocare Infinity næringardælur

Þegar næringardæla er sótt í apótekið við Hringbraut er hún skráð á deild og ber sú deild ábyrgð á næringardælunni.

Ef næringardæla er lánuð á milli deilda er mjög mikilvægt að láta apótekið við Hringbraut vita, það sparar öllum mikinn tíma og fyrirhöfn.

Þegar notkun er lokið skal skila hreinni næringardælu og fylgihlutum (festingu og spennubreyti) í apótekið við Hringbraut.

Ef einstaklingur útskrifast heim með næringardælu, er mikilvægt að láta apótekið við Hringbraut vita og gefa upplýsingar um dælunúmer (SN.....) og notanda.

ATHUGIÐ - Mikilvægt er að þrifa næringardæluna reglulega (x1 í viku) og alltaf þegar hún er sjáanlega óhrein.



Leiðbeiningar fyrir þrif:

- Taka þarf næringardæluna úr sambandi áður en hún er þrifin
- Hreinsa næringardæluna með volgu sápuvatni og blautum klút
- Skola má næringardæluna undir rennandi volgu kranavatni (ekki láta liggja í bleyti)
- Það má ekki nota spritt til að hreinsa næringardæluna

Viðurkennd hreinsiefni:

- Volgt sápuvatn
 - 5% klórlausn
 - Virkon – alhliða sóttgreinsiefni
 - Alkóhól/klór blautklútar, sem eru sérstaklega gerðir fyrir þrif lækningatækja út plasti*
- *Athugið, það má ekki nota blautklúta sem innihalda Þíamín og/eða Etanól



Ef sjúklingur er í einangrun þarf að þrifa næringardæluna með Virkonlausn áður en hún er tekin út úr herberginu.

Athugið að næringardælurnar eru eign Icepharma.

Nánari upplýsingar um næringardælur og notkun: http://www.nutriciaflocares.com/infinity_pump.php



icepharma